

Stjórnarfundur ÆSKP fimmtudaginn 12.apríl 2012 í Grafarvogskirkju

Mættir voru: Guðrún Karlsdóttir, Sigurvin Jónsson, Margrét Ólöf Magnúsdóttir

1. Senda skýrslur á stjórnina og þar eru þær samþykktar. Setja síðan á vefsíðu. Ritari sér um að senda á vefstjóra.

2. Ósk Vímlausrar æsku um styrk; samþykktum það núna en hvað um framhaldið?

3. Easter Course: sú ferð gekk mjög vel. Gott að það fóru tveir á námskeiðið til að eiga auðveldar með að undirbúa Easter Course hér á landi 2013. Það var gerður dvd diskur.

Þarf að klára fjármálin.

4. Samþykkt að vera með á umsókninni um styrk fyrir Taizé í Finnlandi, það setur engar skyldur á okkur en gefur Íslendingum möguleika á að taka þátt og sækja um styrk.

5. Senda bréf í lok júlí, byrjun ágúst til sóknarnefnda til að auglýsa landsmót og hvetja til eflingar barna og unglíngastarfs, með vísan í greinarnar frá Magneu Sverrisdóttur og Pétri Björgvini Þorsteinssyni sem hafa gefið góðfúslegt leyfi til að nýta það efni sem er í þeim góðu greinum, m.a. um lágmarksstarf í hverri sókn. Einnig þarf að hvetja kirkjur til að fara fram á að fá sakavottorð starfsmanna og sjálfboðaliða. Á landsmóti megum við gera kröfu um að kirkjurnar séu með sakavottorð leiðtoga.

6. Höfum sagt okkur úr LÆF.

7. Þurfum að klára fjármálin varðandi TTT mótið sem gekk mjög vel.

8. Vaktu með Kristi gekk líka mjög vel, um 80 manns tóku þátt en það vantaði tilfínanlega fullorðna, Sigurvin, Rakel og Þórunn voru einu fullorðnu en fjöldi um og undir tvítugu.

Spurning hvernig eigi að hafa framkvæmdina næsta vor. ÆNK hefur sagt að þau vilji taka meiri þátt en ekki bara styrkja verkefnið. Spurning hvort að VMK verði á tveimur stöðum.

9. Spurningakeppnin Jesús lifir gekk líka vel en leitt að einungis ein kirkja innan Þjóðkirkjunnar tók þátt, frá Garðinum/Sandgerði.

10. Í æskulýðsnefnd er Sunna Dóra Möller tilnefnd fyrir okkar hönd og Sigurvin Jónsson til vara. Verður áhugavert að sjá niðurstöður fundarins sem verður haldinn í maí í Skálholti.

11. Fundur hjá Kirkjuráði 25. apríl, spurning um KUF, það þarf að komast á það form sem sett var í reglugerðina, að halda það að vori svo að niðurstöður á því þingi hafi eitthvað vægi sem málefni á Kirkjuþinginu í nóvember. Þyrfti e.t.v. að vera í tengslum tímalega séð við fund Æskulýðsnefndar því þátttakendur skarast að einhverju leyti.

12. Finna út vinnufund fyrir norðan; 14.-15. september.

13. Fjármál varðandi landsmót eru áhyggjuefni, þurfum að setjast vel yfir þau og finna út alla mögulega afslætti á Egilsstöðum.

Önnur mál:

- skrifa undir að Guðrún K. formaður geti skoðað bókhaldið,
- breyta skráningu hjá RSK, breyta úr trúfélagi í frjáls félagasamtök. Vantar leyfi, undirskrift fyrri stjórnar. Þarf að skrá inn nýja stjórn.